

44 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóðinn „Guðrúnarminning“,
29. apríl útgefin á venjulegan hátt að mandatum 29. apríl 1937 af dóms- og kirkjumálaráð-
herra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóðinn Guðrúnarminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Guðrúnarminning.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélagi Saurbæjarhrepps, í minningu Guðrúnar Sigurðardóttur frá Ólafsdal.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 150 — eitt hundruð og fimmtíu — krónur, sem þegar er greitt. Opinber framlög, áheiti og gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól, svo og ársvexti samkvæmt 6. gr.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og skal það ávaxtað í Sparisjóði Dalasýslu eða Landsbanka Íslands.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita hjálp fólki búsettu í Saurbæjarhreppi, er fyrir veikindum verður og stjórn sjóðsins álitur hjálparþurfa. Hjálpin skal fólgin í greiðslu vegna læknisvitjunar, læknisáðgerða, lyfjakaupa eða sjúkrahússkostnaðar.

6. gr.

Þá er sjóðurinn er orðinn 500 — fimm hundruð — krónur, má verja $\frac{2}{3}$ af ársvöxtum hans samkvæmt ákvæðum þeim, er sett eru í 5. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 1000 — eitt þúsund — krónur, má úr því verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum hans í sama skyni, en ætíð leggja $\frac{1}{4}$ vaxta við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald annast kvenfélag Saurbæjarhrepps, á meðan félagið starfar. Leggist það niður, annast stjórn sjóðsins þrjár konur, kosnar almennum kosningum, eftir sömu reglum og hreppsnefndir og til jafn langs tíma. Stjórnin skiptir með sér störfum.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum séu sendar stjórn sjóðsins skriflegar og skulu þeim fylgja vottorð eða reikningur, frá lækni eða sjúkrahúsi, yfir sjúkrakostnað.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

10. gr.

Kvenfélag Saurbæjarhrepps skal á aðalfundi félagsins ár hvert kjósa tvær konur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins næsta reikningsár hans. Skulu reikningar sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda lagðir fram á aðalfundi félagsins ár hvert til úrskurðar og samþykktar. Leggist kvenfélagið niður og konur kosnar almennri kosningu taki við stjórn sjóðsins, skulu endurskoðendur kosnir á sama fundi og stjórn og til sama tíma.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir í lok febrúarmánaðar ár hvert.

12. gr.

Breytingar á verksviði og tilgangi sjóðsins eru því aðeins gildar, að þær séu samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða félagskvenna eða af helmingi atkvæðabærra kvenna í hreppnum, og að þær öðlist konungsstaðfestingu.

13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og varnir gegn þeim.

1. gr.

Allir hundar í sýslunni, þriggja mánaða og eldri, skulu hreinsaðir af bandormum og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. des. ár hvert. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, getur hreppsnefnd í samráði við lækningamann, fyrirskipað aukahreinsanir á öðrum tíma árs.

2. gr.

Sýslunefndin sér um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni og skipar í hverjum hreppi einn mann eða fleiri til starfans. Heimilt er sýslunefnd að skipa lækningamann fyrir stærra svæði en einn hrepp, ef henta þykir.

Skipun lækningamanns skal tilkynnt héraðslækni. Skal hann láta lækningamanni í té leiðbeiningar og starfsreglur, og skal lækningamanni skylt að fara eftir þeim.

3. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að til séu í hverjum hreppi traust og hæfileg hundahús, eitt eða fleiri. Allur kostnaður af þeim greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr.

Lækningamaður skal útvega sér í tæka tíð nauðsynleg lyf til hundahreinsunarinnar frá héraðslækni eða lyfjabúð, og greiðist andvirði lyfjanna úr sýslusjóði.

Lækningamanni greiðist úr sýslusjóði ákveðið gjald yfir hvern hund, sem hreinsaður er.

44

29. apríl

45

8. maí